

ÁRSSKÝRSLA 2019

---





<b>ÁRSSKÝRSLA 2019</b>	<b>1</b>
<b>Starf og stefna Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi</b>	<b>4</b>
Breytingar á skipulagsskrá, stjórn og fjölgun fulltrúa í fulltrúaráði	4
Nýjir aðilar að fulltrúaráði	4
Ný stjórn	4
Stefnumótun	2
Rannsóknir og nýsköpun	3
Arfleifðin og menntun	3
Námsver	4
Textílbúðir	4
<b>Rekstur</b>	<b>5</b>
Starfsmannahald	5
Verkefnaskipting starfsmanna árið 2019	5
Styrkir og styrkumsóknir	6
Kynningarmál og útgáfa	6
<b>Starfsaðstaða TExtílmíðstöðvar og Þekkingarseturs á Blönduóis</b>	<b>7</b>
<b>Rannsóknir</b>	<b>7</b>
<b>Viðburðir og námskeið</b>	<b>8</b>
Þrjónagleðin	8
Námskeið Samstarf við innlenda og erlenda háskóla	8
Námskeið og nýsköpun í stafrænum vefnaði	9
Æfingabúðir í stafrænum textíl - Textile Bootcamp	9
Hreint ljómandi haf -Lista,- og vísindasmiðja	9
Nýsköpun í textílhönnun	9
Nýsköpun og fiskroð	10
Kynning Á sauðfjárækt á Suðureyjum, 15. febrúar.	10
Húnavaka	10
Samfélagsverkefni	10
Lokaorð	10

## STARF OG STEFNA TEXTÍLMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS OG ÞEKINGARSETURS Á BLÖNDUÓSI

---

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi leggur hér fram ársskýrslu þar sem fjallað er um breytingar á skipulagsskrá, stjórn og fjölgun fulltrúa í fulltrúaráð sem tók gildi um áramót.

Mikil áhersla hefur verið á framtíðarstefnumótun og verður fjallað sérstaklega um þann þátt.

Jafnframt er greint fyrir starfseminni og helstu verkefnum fyrir árið 2019.

---

### BREYTINGAR Á SKIPULAGSSKRÁ, STJÓRN OG FJÖLGUN FULLTRÚA Í FULLTRÚARÁÐI

---

Breytingar voru gerðar á skipulagsskrám Þekkingarseturssins á Blönduósi og Textílsseturs Íslands í þeim tilgangi að samþætta betur starfsemi beggja stofnana. Niðurstaðan var sú að sama stjórn og fulltrúaráð yrði yfir báðum stofnunum. Jafnframt var samþykkt af fulltrúum beggja stofnana að leita eftir þátttöku fleiri aðila til að efla fagþekkingu í ráðinum.

Einnig var samþykkt að breyta nöfnum beggja stofnana og heiti Þekkingarseturs á Blönduósi, er núna Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi og nafn Textílsseturs Íslands er núna Textíllistamiðstöð.

Fyrir breytingar áttu eftirtaldir aðilar fulltrúa; Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Heimilisiðnaðarsafnið, Háskólinn á Hólum, Farskólinn, Miðstöð símenntunar á NV og Landsvirkjun.

---

### NÝJIR AÐILAR AÐ FULLTRÚARÁÐI

---

Þann 8. janúar fengu eftirtaldir nýjir aðilar aðild að fulltrúaráði:

Byggðarsamlag um menningar- og atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu, Byggðastofnun Textíll ehf. Heimilisiðnaðarfélag Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Listaháskóli Íslands, Myndlistarskólinn í Reykjavík, Fjölbrotaskólinn Norðurlandi Vestra, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Bifrost, Landsvirkjun, Ístex, Uppspuni, Kidka-Hvammstanga, Atlantic leather, Varma, Textílfélag Íslands, Vinir Kvennaskólans og Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.

---

### NÝ STJÓRN

---

Nýja stjórn skipa;

Karl Friðriksson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, formaður,

Hulda Brynjólfsdóttir, smáspunaverksmiðjunni Uppspuna, ritari og varaformaður,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV,

Helga Sigurbjörnsdóttir, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands,

Katrín María Káradóttir, Listaháskóla Íslands,

Varamenn:

Guðríður H. Helgudóttir, Ferðamálasamtökum NV.,

Halldór G. Ólafsson, Byggðasamlagi um menningar og atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu,

Sigurður S. Gunnarsson, Ístex,

Hulda I. Rafnarsdóttir, Háskólanum á Bifröst,

Ragna Fróðadóttir, Textílfélagi Íslands.

Ársfundur Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi var haldinn 11. mars á Hótel Blöndu. Auk hefðbundinnar dagskrá aðalfundar kynnti stjórnin drög að stefnumótun með þeim áherslum sem fram komu á fyrsta vinnufundinum.

Stjórnarfundir voru haldnir 25. janúar, 11. mars og 23. október.

---

## STEFNUMÓTUN

---

Á fyrsta fulltrúaráðsfundi ársins þann 8. janúar 2019 tóku allir fulltrúar, fráfarandi stjórnarmenn og starfsfólk þátt í stefnumótun fyrir Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi.

Í tengslum við stefnumótunina voru áherslusvið skilgreind. Þau eru eftirfarandi ásamt lýsingu;

- Rannsóknir og nýsköpun,
- Menningararfleið og menntun,
- Byggja upp og bjóða uppá aðstöðu/textílbúðir fyrir rannsakendur, nemendur, hönnuði, handverksfólk, kennara og listamenn. Byggja ennfrekar upp vinnuástöðu með áherslu á stafræna tækni samhliða hefðbundinni verkunnáttu.

Á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar þann 25. janúar síðastliðinn var unnið frekar í að móta framtíðarsýnina fyrir stofnunina og verða verkefni skoðuð út frá þeim áherslum og áherslum ríkisstjórnarinnar í fjármálum 2020-2024, þ.e.a.s. framtíðarsýn, áskorunum, tækifærum, markmiðum og mælikvörðum. Framtíðarsýnin var í framhaldinu kynnt á aðalfundi þann 11. mars.

Í skipulagsskrá er tilgangur stofnunarinnar eftirfarandi:

- Vera alþjóðleg miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfsemi í textílframleiðslu, textíllistum og handverki í textíl.
- Bjóða upp á aðstöðu fyrir háskólanám og fullorðinsfræðslu með aðgengi að fjarfundabúnaði og próftöku í samstarfi við aðila háskóla, framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva.
- Miðla þekkingu til almennings, háskólanema og sérfræðinga með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfu fræðslu- og rannsóknarrita.
- Kynna starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands, Þekkingarseturs á Blönduósi og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands og utan.
- Vinna að samstarfsverkefnum um atvinnuuppbyggingu, samfélagsþróun og þróun í ferðaþjónustu í tengslum við textíl, menningu og sögu svæðissins, umhverfisvernd og sjálfbærni.

---

## RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

---

Framtíðarsýn: Að Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi sé leiðandi á heimsvísu í rannsóknum og nýsköpun á íslenskum textíl. Með áherslu á innlent hráefni, endurvinnslu og umhverfisvernd í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu, á Íslandi og á alþjóðavísu.

Áskoranir: Á síðustu öld stóð textílmenntun og iðnaður betur, í dag er enginn háskóli á Íslandi sem útskrifar textíllhönnuði eða textíllistafólk. Myndlistarskólinn í Reykjavík útskrifar nemendur með diplómu í textíl eftir tveggja ára háskólanám og þurfa þeir að bæta við sig námi erlendis til að útskrifast með háskólapróf. Listaháskóli Íslands útskrifar nemendur í fatahönnun. Sem dæmi um hnignun textílssins má taka að ekki er fylgt eftir, þróun í vélrænum vefnaði, síðan Álafoss og Gefjunar verksmiðjurnar voru lagðar af um 1990 og nú er svo komið að enginn vélrænn verksmiðju vefstóll er til í landinu. Í Textílmíðstöðinni á Blönduósi er tæknilegasti stafræni vefstóll landsins og er hann notaður í rannsóknarverkefni á sviði vefnaðar sem styrkt var af Rannís. Engu að síður er skortur á aðstöðu, tækjum og tólum til að fylgja eftir þeirri þróun sem hefur átt og er að eiga sér stað í textíl.

Tækifæri: Fjórða iðnbyltingin er að hefja innreið sína og okkur ber ákveðin skylda til að fylgjast með þróuninni og innleiða hana. Ef horft er til umhverfisþátta og sjálfbærni þá er áhugavert að líta til vefnaðar. Ljóst er að fótspor okkar hvað varðar vefnaðarvöru er stórt. Í Textílmíðstöðinni er í gangi rannsóknarverkefni með áherslu á stafrænan vefnað og með því að innleiða stafrænan vefnað hér á landi þá er Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi að leggja sitt af mörkum til að hvetja til að iðnaðarframleiðsla á vefnaði verði aftur hér á landi. Mörg fleiri tækifæri eru til rannsókna og nýsköpunar. Mætti þar fyrst nefna íslensku ullina og þau tækifæri sem eru á Blönduósi í tengslum við ullina en nánast öll ull á landinu er þvegin í ullarþvottastöð Ístex á Blönduósi, auk þess að sauðfjárrækt er mikil á svæðinu. Til Textílmíðstöðvarinnar á fólk af öllu landinu að geta sótt sér þekkingu og leitað fróðleiks í tengslum við textíl, bæði með aðgangi að fagfólki sem þar starfar og í gegnum skráð gögn á netinu o.fl.

Mikill áhugi er á íslensku ullinni bæði hérlendis og erlendis, eiginleikum hennar og því sem úr henni má vinna. Textílmíðstöðin þarf að vera viðbúin að mæta þeim sem vilja fræðast meira, læra eitthvað nýtt eða efla þekkingu sína, hvort sem er í handverki eða iðnaði. Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi á að leggja sitt af mörkum til að hvetja til að iðnaðarframleiðsla á textíl verði aftur stunduð hér á landi.

Mikil þekking er líka til staðar bæði í stjórn og fulltrúaráði á ullarvinnslu og framleiðslu.

Markmið: Að vera með eitt eða fleiri rannsóknarverkefni eða þróunarverkefni í gangi árlega. Eitt verkefni er nú í gangi. - Bæta við 4-5 rannsóknarverkefnum á næstu 5 árum. Vinna að einu burðarmiklu rannsóknarverkefni. Samstarf við önnur fyrirtæki eða stofnanir. Nýta styrkveitingar (á alþjóðavísu).

Mælikvarðar: Fjöldi rannsóknar-þróunar- og samstarfsverkefna. Fjöldi styrkja.

---

## ARFLEIFÐIN OG MENNTUN

---

Framtíðarsýn: Efla rannsóknarstarf og koma gömlum hefðum og textílsögunni á aðgengilegt skrásett form til að tengja saman menningararfleiðina og stafræna tækni og leggja þannig grunn að frekari textílrannsóknum og framleiðslu.

Að Textílmíðstöð Íslands, Þekkingarsetur á Blönduósi verði viðurkenndur fullorðinfræðsluaðili á sviði textíls og fái til sín nemendur allsstaðar að í heiminum.

Bæta við þá kunnáttu sem er til staðar, fjölga sérfræðistörfum á sviði textíls, textílranssóknar og bæta tæknikunnáttu.

Áskoranir: Stofnunin er fámenn og verkefnið mörg og viðmikil og ein helsta áskorunin felst í því að hafa skýra sýn og með hvaða hætti er hægt að fá aukið fjármagn til að efla fræðslu- og menntunarþáttinn.

Tækifæri: Hjá stofnuninni er þrjú menntaðir kennarar á sviði textíls- og listkennslu sem eru jafnframt með þekkingu á ólíkum sviðum. Það skapar ýmsa möguleika og hafa bæði innlendir og erlendir skólar fengið námskeið á sviði vefnaðar, útsaums, ullarvinnslu og í formi fyrirlestra um textílsögu Íslands.

Markmið: Að Textílmíðstöðin tengist betur þeim stofnunum sem sinna því hlutverki að varðveita söguna og handverkskunnáttuna svo sem Þjóðminjasafnið og Heimilisiðnaðarfélagið. Að eiga gott og hnitmiðað samstarf við alla hlutaðeigandi aðila og gera söguna lifandi með sýningarhaldi, tengjast ferðaþjónustuverkefnum. Miðla sérþekkingu til annarra landshluta með skapandi hætti, vinnustofum o.fl.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda og háskóla, innlendra og erlenda sem sækja fræðslu til Textílmíðstöðvar Íslands.

Auka þarf þekkingu á hvernig varðveita skal textíl. Vinna námskrá og sækja í framhaldinu um að Textílmíðstöð Íslands, þekkingarsetur á Blönduósi verði viðurkenndur fullorðinsfræðsluáðili til að auðvelda og efla fræðslu- og menntunarþáttinn.

---

## NÁMSVER

---

Framtíðarsýn: Bæta aðgengi íbúa í Austur-Húnavatnssýslu að námi með því að bjóða uppá góða þjónustu og aðstöðu til fjarnáms, staðbundins náms og próftöku í samstarfi við aðila fullorðinsfræðsu og háskóla.

Áskoranir: Flókið að mæta ólíkum kröfum og tímasetningum, einkum á próftökutímabilum, þegar próftími og vinna við að ganga frá úrlausnum getur verið allt að tíu tímar yfir daginn og krefst þess að starfsfólk vinni yfirvinnu.

Tækifæri: Með því að bjóða nemendum uppá á góða þjónustu skapast mikilvæg tengsl við íbúana og jafnframt skapast tengsl við þá aðila sem eiga nemendur sem eru í námi og/eða taka próf í Kvennaskólanum.

Markmið: Að bjóða uppá góða þjónustu og efla nemendur á svæðinu til náms.

Mælikvarði: Fjöldi nemenda sem tekur próf, fjöldi skóla sem eru í samstarfi, fjöldi námskeiða og fjöldi nemenda sem nýtir sér aðstöðu til náms í námsveri. Ánægja allra aðila með samstarfið.

---

## TEXTÍLBÚÐIR

---

Stefna: Að bjóða nemendum, kennurum, rannsakendum, handverksfólki og listamönnum upp á framúrskarandi aðstöðu til að koma og fræðast og vinna að textíltengdum verkefnum. Að Blönduós sé vaggá nýsköpunar í textíl á Íslandi í samstarfi við mennta- og rannsóknarstofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög og íbúa svæðissins.

Áskoranir: Húsnæði er til staðar en það skortir fjármagn til að útbúa vinnurými og jafnframt skortir fjármagn til nauðsynlegra tækjakaupa og með tækjunum þarf að fylgja starfsfólk með tæknikunnáttu.

Tækifæri: Miklar breytingar hafa verið að eiga sér stað varðandi textílframleiðslu og viðhorf fólks til textíls. Umhverfissjónarmið spila þar stóran þátt en það er einungis olíuiðnaðurinn sem mengar meira en textílframleiðsla. Því er mikilvægt að leggja meiri áherslu á innanlandsframleiðslu úr innlendum hráefnum.

Markmið: Að gæta þess að staðurinn sé eftirsóknarverður áfangastaður þar sem fólk getur aflað sér aukinnar þekkingar á bæði menningararfinum og nútíma tækni og hugmyndafræði í framleiðslu og lagt þannig grundvöll að frekari þekkingu og nýsköpun. Efla listnám, iðn- og verkmenntun og bjóða uppá á starfsnám í samstarfi við mennta- og menningarstofnanir á alþjóðavísu og fylla upp í það gat sem hefur myndast á sviði textíls á Íslandi og bregðast jafnframt við breyttum atvinnuháttum með nútímalegri tækni og kennsluáferðum.

Mælikvarði: Fjöldi einstaklinga og skóla sem sækja textílútdirnar og ánægja þeirra með kennsluna og aðstöðuna. Fjöldi námskeiða sem eru í boði.

## REKSTUR

---

### STARFSMANNAHALD

---

Árið 2019 er gert ráð fyrir að eftirfarandi starfsmenn muni vinna við stofnunina:

### VERKEFNASKIPTING STARFSMANNA ÁRIÐ 2019

---

Helstu áherslur varðandi verkaskiptingu á milli starfsfólks eru sem hér segir;

Elsa Arnardóttir, forstöðumaður. Umsjón með daglegum rekstri, styrkumsóknum, lista- og vísindasmiðjum í tilefni af degi hafssins. o.fl.

Jóhanna Erla Pálmadóttir, verkefnastjóri. Verkefnisstjóri Þrjónagleði, sérfræðingur í ullarvinnslu, þrjóni og útsaum og umsjón með listamiðstöð o.fl.

Katharina A. Schneider, verkefnastjóri. Verkefnastjórn og verkefnaþróun, umsjón með heimasíðu, kynningarmálum, þýðingum, námsveri í Kvennaskólanum og sér um samskipti við umsækjendur í Textíllistamiðstöð o.fl.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir, sérfræðingur. Umsjón með rannsóknaverkefni á sviði textíls og ráðgjöf til listamanna á sviði vefnaðar, kennsla o.fl.

Aðstoðafólk vegna Rannís verkefnis. Cornelia Theimer-Gardella, ljósmyndari og veflistakona í 2 mánuði, Guðbjörg Stefánsdóttir, fatahönnuður í 2 mánuði og Elena Aurlaskaite, starfsnemi frá Litháen á Erasmus styrk í 2 mánuði.

Veflistakonan Sara Finkel, kom sem starfsnemi frá Bandaríkjunum í 2 mánuði.

Lee Ann Maginnis hljóp í skarðið í veikindum forstöðumanns og sá um lokaframkvæmd Lista- og Vísindasmiðja.

Starfsfólk sótti námskeið í verkefnisstjórnun á Blönduósi sem haldið var á vegum SSNV.

Starfsfólk sótti ráðstefnu Norrænna Textillistamanna sem haldin var í Húsi Vigdísar Finnbogadóttur.

Starfsfólk fór á Hönnunarmars og Design talk sem er hluti af Hönnunarmars.

Starfsfólk tók þátt í vinnu við Nýja Sóknaráætlun á Norðurlandi vestra og sótti fundi bæði á Blönduósi og í Varmahlíð og fundaði með verkefnisstjórum.

---

## STYRKIR OG STYRKUMSÓKNIR

---

Textílmíðstöð er þátttakandi í umfangsmiklu Evrópuverkefni T, „**Centrinno – new centralities in industrial areas as engines for innovation and urban transformation**“. undir áætluninni Horizon 20/20, ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskóla Íslands. (Markmiðið er að gera Blönduós að blómlegri miðstöð textíls á Íslandi þar sem boðið er upp á nútímalega aðstöðu til rannsókna, þróunar og kennslu á sviði textíls. Með verkefninu skapast einstakt tækifæri til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar, en forsenda þessa er, að hægt verði að nýta núverandi húsnæði Kvennaskólans fyrir starfsemina og umrædda uppbyggingu. Lykillinn að verkefninu er að fara fljótt í uppbyggingu bygginga á Kvennaskólalóðinni til að hýsa verkefnið og að tímaáætlun standi en það hefst í haust. Í verkefninu er lögð áhersla á menningararfinn, íslenska staðhætti, nýtingu íslenskra hráefna í tengslum við hugmyndafræði hringrásahagkerfisins og mikil áhersla er lögð á möguleika stafrænnar tækni og því grundvallaratriði að finna frekari styrki til tækjakaupa.

Auk Textílmíðstöðvar tók þátt í umsókn stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í átta Evrópuborgum; Mílanó, Barcelona, Genf, París, Kaupmannahöfn, Tallinn, Zagrebog Amsterdam.

Sótt var um í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til að framkvæma skoðanakönnun um verðmæti ullarinnar og viðhorf sauðfjárbænda. Verkefnið er unnið í samstarfi við landssamtök sauðfjárbænda og Félagsvísindastofnun HÍ. styrkt af Framleiðnisjóð landbúnaðarins og sjávar- og landbúnaðarráðherra.

Sótt var um styrk í samfélagssjóð Landsbankans til að skoða íslenska kvenbúninginn og nýsköpun. Ekki fekst styrkur til verkefnisins.

Sótt var um styrk til atvinnuvegaráðuneytanna til að Lífsferilgreina íslensku ullina. Samþykktur var styrkur að upphæð kr, 400.000.-

Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs fyrir Prjónagleðina Prjónagleðin hlaut styrk uppá 450.000.-

---

## KYNNINGARMÁL OG ÚTGÁFA

---

Ný heimasíða fór í loftið í janúar þar sem búið er að sameina undir einum hatti fjórar vefsíður. Ein vefsíða heldur nú utan um starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands, þekkingarseturs á Blönduósi og Textillistamiðstöðvar undir lénunum; [textilmidstod.is](http://textilmidstod.is) og [textilecenter.is](http://textilecenter.is) Tenglar á samfélagsmiðla eru : # [textilsetur](https://www.instagram.com/textilsetur) og #[textilmidstod](https://www.instagram.com/textilmidstod) og Prjónagleðin er með #[Prjónagleði-Iceland Knit Fest](https://www.instagram.com/prjongleði-iceland-knit-fest) á instagram og á facebook [Prjónagleði-Iceland Knit fest](https://www.facebook.com/prjongleði-iceland-knit-fest). Gerð er grein fyrir starfsemi Þekkingarsetursins í svæðisbundum fjölmiðlum. Textílmíðstöð og Þekkingarsetur tekur þátt í menntunar- og menningartengdum viðburðum á svæðinu og sendir fulltrúa á ráðstefnur tengdum sérsviðum setursins og á ársfund þekkingarsetra landsins en síðasta fundi sem átti að vera í Vestmanneyjum var haldinn í Reykjavík.

Bæklingur um listamenn og verk þeirra sem dvelja í Textíllistamiðstöðinni, [Art Residency Catalog](#), er gefin út í stafrænni útgáfu á ISSU tvisvar á ári. Fréttabréf á íslensku og ensku er sent út tvisvar á ári.

## STARFSAÐSTAÐA TEXTÍLMÍÐSTÖÐVAR OG ÞEKINGARSETURS Á BLÖNDUÓIS

---

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi er til húsa í Kvennaskólanum á Blönduósi. Húsið er friðað og er yfir 100 ára. Það er í eigu íslenska ríkisins og sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu. Stöðugt er verið að vinna að betrubótum og búið að helluleggja stéttir fyrir utan og er því öll aðkoma orðin hin snyrtilegasta. Nauðsynlegt er að farið verði í lagfæringar innanhúss, endurnýja rafmagnslagnir, gólfefni, glugga og bæta lýsingu í húsinu. Það vantar aðgengi fyrir fatlað fólk og þörf er á að stækka starfsaðstöðu Textíllistamiðstöðvarinnar. Finna þarf endanlega staðsetningu fyrir TC2 stafræna vefstólinn. Hann er staðsettur í húsakynnum sem þarfnast verulegs viðhalds.

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur starfar í fjórum skrifstofum á annarri hæð hússins og hefur aðgengi að sameiginlegu rými, þar með töldu vinnurými, kaffistofu og fundaherbergi. Jafnfram er Vatnsdælafeillinn sem er verkefni í eigu Jóhönnu Erlu Pálmadóttur einnig á annarri hæð hússins og Vinir kvennaskólans eru með minjastofur í þremur herbergjum á annarri hæð og einu á þriðju hæð. Á þriðju og fjórðu hæð hússins er Textíllistamiðstöðin með sína aðstöðu auk aðstöðu til litunar í einum bílskúr fyrir framan húsið. Vinna við endurnýjun einbýlishússins á skólastjórabústaðnum að Árbraut 33 er lokið og er búið að kaupa alla innanstokksmuni í húsið og fær Textíllistamiðstöðin það til leigu.

Í kjallaranum er rými undir kennsluástöðu sem Blönduskóli leigir og námsver rekið af Húnavatnshreppi og Blönduósbæ sem starfsmenn Þekkingarsetursins hafa umsjón með.

## RANNSÓKNIR

---

Þann fyrsta september 2017 hófst hagnýtt rannsóknarverkefni „**Bridging Textiles to the Digital Future**“, en það hlaut styrk frá Tækniþróunarsjóði. Verkefnið er áætlað til þriggja ára. Í því felst skráning á vefnaðarmynstrum sem varðveitt eru m.a. í Kvennaskólanum og færsla í rafrænan gagnagrunn, þýðingum á uppskriftum, uppsetning vefsvæðis þar sem mynstrin verða aðgengileg m.a. fyrir hönnuði og nemendur og miðlun sérþekkingar á TC2 rafrænum vefstól.

Í Kvennaskólanum á Blönduósi er til mikið magn af vefnaðarmynstrum og prufum, bæði frá því á dögum skólahalds og einnig sem gefin hafa verið skólanum og Textílsetrinu til varðveislu. Umfang gagnanna er mikið. Um er að ræða yfir 1000 handskrifaðar blaðsíður af vefnótum og uppskriftum fyrir vefnað og yfir 1500 vefnaðarprufur sem þegar er komnar til varðveislu. Þessi frumgögn hafa ómetanlegt menningar-, hönnunar- og sagnfræðilegt gildi, og geta veitt núverandi og seinni kynslóðum hugmyndir og innblástur.

## VIÐBURÐIR OG NÁMSKEIÐ

---

### PRJÓNAGLEÐIN

---

Fjórða Prjónagleðin var haldin 7.-10. júní 2019. Að þessu sinni var hátíðin á hvítasunnu og degi hafsins þannig að „hafið“ var valið sem þema hátíðarinnar.

Ásamt starfsmönnum Textílmíðstöðvarinnar vann Sigrún Helga Indriðadóttir listakona og bóndi að hátíðinni. Ungur prjónahönnuður Ýr Jóhannsdóttir gerði smámyndbönd og vettlinga með tilvísun til dýra hafsins. Myndböndin voru nýtt til markaðsetningar hátíðarinnar.

Eins og alltaf var metnaður lagður í að fá bestu kennara og fyrirlesara sem völ var á. Rúmlega 80 manns mættu á setningu Prjónagleðinnar. Boðið var upp á um 20 námskeið en af þeim voru haldin 14 námskeið og fimm fyrirlestrar. Um 60 manns skráðu sig á námskeið og fyrirlestra. Tæplega 300 manns mættu á markaðstorgið 2019.

Gestum Prjónagleðinnar bauðst að heimsækja Ullarþvottastöðin og vakti mikla athygli að sjá hvernig ferli ullarinnar er frá reyfi til lopa. Sérstakur afsláttur var veittur í Heimilisiðnaðarsafninu vegna Prjónagleðinnar. Sú nýbreytni var viðhöfð að seld voru armbönd sem gáfu afslætti í ýmiss fyrirtæki á norðurlandi vestra. Einnig var samstarf við listamenn á Norðurlandi vestra þar sem þeir voru með opnar vinnustofur dagana á eftir hátíðinni.

Prjónakvöld var haldið á föstudeginum og mæltist það vel fyrir. Einnig var haldin textílráttleikur og karaóíkíkeppni. Reynir Hauksson flamenco gítaristi skemmti á laugardagskvöldinu yfir grillmatnum. Var gerður góður rómur að þessari nýbreytni.

Haldin var prjónasamkeppni og átti að prjóna sjal með tilliti til „Hafsins“. Dóra Línadal prjónari vann keppnina en sjalið þótti vel unnið, frumlegt, sýndi fjölbreytileikann í hafinu og svo sat það einstaklega vel. Ístex og Ísgel gáfu veglega vinninga.

Áframhald er á norrænu samstarfi við prjónahátíðir á Fanø í Danmörku, Orkanger í Noregi og nú hefur Loch Ness í Skotlandi bæst við.

### NÁMSKEIÐ SAMSTARF VIÐ INNLENDI OG ERLENDA HÁSKÓLA

---

Í janúar komu sex nemendur í fatahönnun frá Listaháskóla Íslands og dvöldu í Textíllistamiðstöðinni í þrjá daga og fengu kennslu í útsaum, prjóni, hekli og vefnaði.

Árleg heimsókn nemenda frá PK fagskólanum í Kaupmannahöfn sem í þetta skipti voru þrír fengu tilsögn í refilsaum og saumuðu af kappi í Vatnsdælafeil Jóhönnu Pálmadóttur. Nemendurnir komu í byrjun janúar og dvöldu í þrjár vikur.

Þann 1. apríl 2019 kom hópur norræna textíllistamanna í heimsókn á Blönduós og voru haldin námskeið í Kvennaskólanum. En heimsóknin er í tengslum við ráðstefnu [NTa](#) á Íslandi. Námskeiðin voru skipulögð í samstarfi Textílfélagssins og Textílmíðstöðvarinnar.

Námskeiðin voru fimm; Ragnheiður Björk Þórsdóttir kenndi spjaldvefnað, Jóhanna E. Pálmadóttir kenndi refilsaum, Ásthildur Magnúsdóttir kenndi spuna, Lena Zacariásen kenndi að spinna hrosshár og Guðrún H. Bjarndóttir kenndi að vinda upp á þráðarlegg.

Markmiðið með námskeiðunum var að auka þekkingu og færni í viðkomandi handverki. En námskeiðin voru örnámskeið unnin út frá menningu okkar Íslendinga og þeirri hefð sem lifað hefur með þjóðinni um aldir.

---

## NÁMSKEIÐ OG NÝSKÖPUN Í STAFRÆNUM VEFNAÐI

---

Textílmíðstöðin fékk styrk til að þróa námsefni um vefnað og stafrænan vefnað og styrk til kaupa á nýjum stafrænum vefstól frá Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra og verður áhersla á að afla þess fjármagns sem útaf stendur til að hægt sé að kaupa stólinn.

Forsenda þess að geta nýtt þá möguleika sem stafrænn vefnaður hefur upp á að bjóða er kunnátta/skilningur á vefnaði. Til þess að geta unnið á stafrænan vefstól þarf einnig kunnáttu í tölvuforritum svo sem Weave point og Photoshop og verður.

---

## ÆFINGABÚÐIR Í STAFRÆNUM TEXTÍL - TEXTILE BOOTCAMP

---

Æfingabúðir voru haldnar af Fabricademy, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Textílmíðstöð Íslands, FabLab Ísland og Framtíðarstofu Tækniskólans í Reykjavík með sérfræðingum sem koma víða að. Þátttakendur voru 30 samtals og brugðu sér norður í land og heimsóttu sauðburð á Akri, Ullarþvottastöð Ístex og Textílmíðstöð Íslands mánudaginn 13. maí. Í ferðinni fræddust þau um ull, meðferð á ull og úrvinnslu. Einnig var sýnt hvernig TC2 tölvuvefstóll Textílmíðstöðvarinnar eykur möguleika á úrvinnslu munstra í vefnaði. Ofnar voru prufur upp úr munstrum sem varðveitt eru í Kvinnaskólanum bæði á venjulegan vefstól og tölvuvefstól. Gestir héldu síðan áfram yfir í Skagafjörð til að heimsækja Gestastofu sútarans og FabLab vinnustofu á Sauðárkróki. Myndband um verkefnið má finna [hér](#).

---

## HREINT LJÓMANDI HAF -LISTA,- OG VÍSINDASMIÐJA

---

Lista- og vísindasmiðjur á vegum Textílmíðstöðvarinnar og BioPol voru haldnar á Norðurlandi vestra laugardaginn 25. maí. Byrjað var á því að safna saman rusli í fjörum við Sauðárkrók, Hvammstanga og úti á Skaga. Ungmennasamböndin USAH, UMSS og USVH sáu um að kynna verkefni til sinna félagsmanna og komu með kaffi. Listasmiðjur voru opnar öllum. Mjög góð mæting var á Hvammstanga og út á Skaga, en samtals voru það tæplega 40 manns sem unnu saman þann dag. Í Miðfirði varð til skemmtilega vörðu undir leiðsögn listamanna frá Listaháskóla Íslands, en þema smiðjanna var „Varða“. Markmiðið með verkefninu var að auka þekkingu almennings á umhverfismálum og mengun hafsins. Textílmíðstöð stýrði verkefninu í samstarfi við Biopol á Skagaströnd en tveir vísindamenn frá BioPol samþykktu að þræða norðurströndina til að skoða fjörur þar sem rusl berst að landi og svara nokkrum spurningum um plastúrgang og mengun í sjónum.

Ýmsar spurningar vakna svo sem hvaðan er ruslið að berast? Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að hafið sé notað sem ruslakista? Hvað á að gera við það rusl sem berst að landi? Er hægt að endurnýta það?

Verkefnið var kynnt af Markaðsstofu norðurlands í tengslum við opnun Norðurstrandarleiðarinnar og sýning á vörðunum yrði síðan formlega opnuð í tilefni af degi hafsins þann 8. Júní.

---

## NÝSKÖPUN Í TEXTÍLHÖNNUN

---

Textílmíðstöð Íslands og Myndlistaskólinn í Reykjavík hlutu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna vegna verkefnisins, “Nýsköpun í textílhönnun” árið 2019. Í framhaldinu komu núverandi og útkrifaðir nemendur úr textíleild Myndlistaskólans, fjórir samtals, til okkar í verkefnavinnu fyrir sumarið. Ragnheiður Stefánsdóttir, Sigríður Vala Vignisdóttir, Drífa Líftóra Thoroddsen og Margrét Katrín Guttormsdóttir rannsökuðu vefnaðarmunstur í Textílmíðstöðinni

í þeim tilgangi að hanna úr þeim nýja vöru. Í lok ágúst voru hugmyndir þeirra kynntar í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Unnið verður áfram að þróun verkefnisins.

---

## NÝSKÖPUN OG FISKROÐ

---

Dagana 9.-13. september 2019 var haldinn FishSkin Horizon 2020, ráðstefna, nýtt verkefni undir forystu Elisu Palomino (Central Saint Martins í London) og samstarfsaðila. Í verkefninu koma saman sérfræðingar víðsvegar að úr heiminum til efla þekkingu sína á sjálfbærum aðferðum við framleiðslu og notkun fiskiroðs. Vinnustofur og fyrirlestrar voru haldnir í Reykjavík, hjá **Atlantic Leather** á Sauðárkróki og á Blönduósi. Fyrirlestrar voru haldnar m.a. af Dr. Anne Schmidt (Þjóðminjasafni Danmerkur), Torunn Klokkernes (Háskólanum í Osló), Gustavo Defeo (Ars Tinctoria, Ítalíu), Mitsuhiro Kokita (Kyoto Seika háskólanum, Japan), Lotta Rahme (sérfræðingur í sútun fiskileðurs), Edwin Phirri (London College of Fashion) og Katrín Káradóttir (Listaháskóli Íslands). Frekari upplýsingar um verkefnið og myndband má finna hér: [www.fishskinlab.com](http://www.fishskinlab.com) / [Icelandic University of the Arts](http://Icelandic University of the Arts).

---

## KYNNING Á SAUÐFJÁRÆKT Á SUÐUREYJUM, 15. FEBRÚAR.

---

Haldinn var kynning um sauðfjárækt á Suðureyjum á vegum sauðfjárbóndins og listamannsins Meg Rodger í samstarfi við Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda á Blönduósi í febrúar. Meg Rodger og fjölskylda búa með 120 kindur á eyju sem kallast „Björnsey“ og er ein af mörgum smáum eyjum við Suðureyjar sem eru hluti af Skoska eyjaklasanum. Kindurnar frá Suðureyjum eru náskyldar íslensku kindinni af svo kölluðu stuttrófukyni og Meg fékk styrk að koma til Íslands til að dvelja í Textillistamiðstöð, læra frá íslenskum sauðfjárbændum og afla sér upplýsinga um íslenskar kindur og ullina. Í áframhaldinu hefur Meg unnið að verkefni þar sem hún safnaði tugi af reyfum frá Orkneyjum, Katanesi á Skotlandi, Færeyjum og Íslandi og óf röggvafeld. Röggvafeldinn tengir hún Auði djúpúðgu. Jóhanna E. Pálmadóttir las á gamalli íslensku kafla Auðar í Laxdælu og verður sú upptak nýtt sem hluti af sýningu Meg.

---

## HÚNAVAKA

---

Húnavaka er árleg bæjarhátíð á Blönduósi sem verður haldin dagana 19.-21. júlí. Opið hús var hjá Listamönnunum.

---

## SAMFÉLAGSVERKEFNI

---

Haldinn var fundur með flóttakonunum sem settust að á Blönduósi haustið 2019 og höfðu þær allar áhuga á því að læra að þrjóna og komu þær reglulega og fengu leiðsögn í þrjóni en markmiðið hjá þeim er að þrjóna íslenska lopapeysu.

---

## LOKAORÐ

---

Eins og verkefni ársins gefa til kynna, þá felast mörg sóknarfæri í textílnum og verkefnum sem tengjast honum.

Með verkefninu „Bridging Textiles to the digital future“ var tekið mikilvægt skref í að koma á textíltengdu rannsókn- og nýsköpunarverkefni á svæðinu, sem leggur mikilvægan grunn að frekari rannsóknun og atvinnusköpun.

Áframhaldandi áhersla á þá sérstöðu sem er til staðar í tengslum við textíl hefur bæði menningarlegt- og atvinnuskapandi gildi og er einstakt á landsvísu.

Aukin aðsókn framhalds- og háskólanema sem nýta sér námsverið í Kvennaskólanum og taka prófin í Textílmíðstöðinni sýnir mikilvægi þess að hafa náms- og prófaðstöðu fyrir nemendur í heimabyggð.

Mikil áhersla hefur verið á að efla starfsemina með rannsóknum samstarfsverkefnum og styrkumsóknum og uppbyggingu á vinnuaðstöðu og tækjakosti með áherslu á stafræna tækni.

*Elsa Arnardóttir*